


DALALFEDAN

1.tbl. 14.árg. febrúar 2001.



Gljúfrasteinn og Hraðastaðarétt

Pessa sérstöku ljósmynd tók Þorsteinn Jósepsson, líklega á 7. áratugnum, en hér er horft yfir Hraðastaðarétt að Gljúfrasteini. Hraðastaðarétt var þar sem íbúðarhúsið Jónstótt stendur núna og þjónaði hlutverki sínu sem skilarétt Dalbúa þar til fjárrétt var reist við Leirvogsvatn.

Leiðari

Hvorki er veðrið þurr né vott
og varla er það nógu gott;
fugl er það ei
eða fiskur nei svei.
Farðu ó-veður á brott!

Sagt hefur það verið bæði fyrr og síðar að þegar Íslendinga skorti umræðuefni þá tali þeir og skrifí um veðrið. Það verður einnig þrautalending leiðarahöfundar Dalalæðunnar að þessu sinni.

Ekki er haegt að tala um ótíð þennan veturinn og annað eins snjóleysi hefur ekki sést í manna minnum, skíði rykfalla á hillum, lúðrasveitin leikur „Nú er sumar“ og Þorri sprangar um á stuttbuxum og sprýr: „Hvar er ég staddur?“

Jú, við erum stödd í Mosfellsdal á þorra á nýrri öld, í dal þar sem veðrið og tíðin skiptir miklu máli. Í þessum dal voru skipulagðar veðurathuganir gerðar á 19. öld en þar var að verki Magnús Grímsson prestur á Mosfelli. Hann var frumkvöðull á því svíði eins og á mörgum öðrum og skrifadaði einn góðan veðurdag í dagbók sína árið 1857: „Kl. 10 f.m. snjóaði á fjöll, en festi ekki í byggð fyrr en kl. 12 f.m. Kl 5-6 gekk vindur í austur-landsuður, hvass en þurr frá kl. 3 e.m. Sáust stjörnur.“

Og enn sjáum við stjörnur ef við berum höfuðið hátt. Oft hefur verið stjörnubjart það sem af er vetrar og norðurljósin hafa heldur ekki látið á sér standa. Stjörnur kvikna og falla en það er ljóst að veðrið er eitt af því sem við verðum að sætta okkur við hvernig sem það er. Því getum við ekki breytt - sem betur fer.

Bjarki Bjarnason

DALALÆÐAN

1. tbl. 14. árg. Febrúar 2001.

Útgefandi: Íbúasamtókin Víghóll í Mosfellsdal.

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Bjarki Bjarnason.

Umbrot: Hlynur Helgason.

Auglýsingar: Auður Eiríksdóttir, Gísli Snorrason, Valur Þorvaldsson.

Prentun: Prentsmiðjan Oddi.

Efni

Merkisafmæli á árinu	3
Með plöginn að vopni	4
Stúlkán á Ásum gerir vart við sig	5
„Í Bringunum sló hann sinn blett“	6
Horft yfir dalinn	7
Dalsrétt	8
Með slaufu í halanum	10
Brúarlandsfólkið	11
<i>Minning Guðmundar Ó. Skarphéðinssonar</i>	12
Jarðbótamaður á Skeggjastöðum	14
Skeggjastaðaforleikurinn	15
Annáll ársins 2000	baksíða

Bankinn er bakhjari



BÚNAÐARBANKINN

Mosfellsbær, sími 566 7000

Afgreiðslutími: Mánud.-föstud. kl. 9.15-16.00

Merkisafmæli á árinu

JÓEL KR. JÓELSSON í Reykjahlíð varð 80 ára þ. 22. janúar.

SIGURÐUR NARFI JAKOBSSON í Reykjadal verður 75 ára þ. 7. maí.

STEFÁN SCHEVING THORSTEINSSON í Árvangi verður 70 ára þ. 22. desember.

KLARA ÞÓRÐARDÓTTIR á Hraðastöðum varð 60 ára þ. 9. janúar.

MAGNÚS JÓHANNSSON á Hraðastöðum verður 60 ára þ. 19. júní.

GUÐRÚN SIGURÐARDÓTTIR á Minna-Mosfelli varð 50 ára þ. 16. janúar.

ÞÓRUNN BJARNADÓTTIR frá Mosfelli varð 50 ára þ. 22. janúar.

SIGNÝ JÓHANNSDÓTTIR á Furuvöllum varð 50 ára þ. 26. janúar.

INGIMUNDUR MAGNÚSSON á Breiðufit verður 50 ára þ. 27. mars.

SIGRÍÐUR HALLDÓRSÐÓTTIR frá Jónstótt verður 50 ára þ. 26. maí.

Dalalæðan óskar þessu ágæta fólk til hamingju!

TANNLÆKNASTOFA
GUÐJÓNS S. VALGEIRSSOAR

Urðarholti – Sími 566 6992

**Úr – Skartgripir
FANNAR
KJARNA MOSFELLSBÆ**

**Hestaleigan
Laxnesi**

BÍLAVERKSTÆÐI
GUÐVARDAR og KJARTANS




BASIC
TÍSKA & SPORT

Kjarna • Þverholti 2 • 270 Mosfellsbæ • Sími 586 8099



Urðarholt 2 • 270 Mosfellsbæ • Sími 566 6143 • Fax 566 6308



Með plóginn að vopni

Þessi ljósmynd er tekinn í Mosfellsdal, líklega um 1930. Hér hafa menn tekið tæknina í sína þjónustu, svonefndur þúfnabani dregur plóginn en myndin er tekin niðri á svonefndum Viði. Horft er í norður og áberandi kennileiti á myndinni eru Kirkjugil, Diskur, Krosshóll og Kýrgil austast.

Bæjarhús sjást á Mosfelli og Minna-Mosfelli. Ljómyndari er ókunnur.



Bakkakotsvöllur



Holta-
kjúklingur

ÁSLÁKUR



Ína Ólafur
GALLERÍ

Skólavörðustíg 5
101 Reykjavík
Sími 552-2030
Kt. 220957-3229

DALADUL

Stúlkán á Ásum gerir vart við sig

Flestir Dalbúar kannast við söguna um hjúkrunarkonuna á Ásum sem fórst þar með vofeflegum hætti á hernámsárunum en hefur stundum gert vart við sig á dimmum vetrarkvöldum. Hljótt hefur verið um stúlkuna á síðustu árum en nú á aðventunni dró til tíðinda sem hér verða færð stuttegla til sögu.

Maður er nefndur Jóhann Björn Ævarsson, búsettur í Reykjavík og starfar sem tónlistarkennari. Pann 12. desember síðastliðinn fór hann ásamt konu sinni María G. Hrafnasdóttir á aðventutónleika í Mosfellskirkju en María er starfandi læknir þótt ekki skipti það málí í frásögn þessari.

Pau hjónin nutu hljómlistarnar í kirkjunni en þegar haldið var aftur til höfuðborgarinnar gerðist einkennilegt atvik sem hér verður greint frá.

Jóhann Björn segist hafa ekið á fremur hægum hráða niður Dalinn og í honum sat einhver vellíðan eftir ljúfa tóna í Mosfellskirkju. En um það leyti sem pau hjónin yfirgráfu ljósnum prýddan Dalinn og héldu upp Ásana sér Jóhann Björn tvær mannverur skjótast leifsturnöggt yfir veginn og hverfa jafnskjótt út í náttmyrkrið handan vegarins.

Kalt var veðurs og eigi aldimmt og má það furðu gegn að fólkioð skyldi nánast gufa upp við vegarbrún. María, kona Jóhannss Björns, varð fyrir svipaðri lífsreynslu og sprýr mann sinn: „Sástu fólkioð?“ Jóhann Björn svaraði konu sinni á þessa leið: „Já, ég sá fólkioð en hvar er það nú?“ Náttmyrkrið á Ásunum veitti ekkert svar.

Jóhann Björn segist aldrei fyrr á ævi sinni orðið fyrir dulrænni reynslu en morguninn eftir hafði hann tal af glöggi manni úr Mosfellsdal sem hefur búið þar frá barnsaldri. Sá maður sagði að bragði: „Já, vinur minn. Þetta hefur stúlkán á Ásum ásamt heitmanni sínum, hún fórst fyrir 60 árum.“

(Úr Pjóðsögum Bjarka Bjarnasonar)



Dalbúar fyrr og nú!

Fjölmennum á þorrablótið
í Fólkvangi þann
10. febrúar.

Húsið opnar kl. 19.



ÍSFUGL
Kjúklingur er kjörin fæða!

„Í Bringunum sló hann sinn blett“

EKKI ER HÆGT AÐ NEFNA MÖRG EYÐIBÝLI Í Mosfellsdal en Bringur undir Grímannsfelli er eitt þeirra. Bringur byggðust fyrst um miðja 19. öld úr landi Mosfells en bæjarnafnið komst á hvers manns varir þegar mannskaðinn á Mosfellsheiði varð árið 1857. Þá urðu sex vermannir úti en nokkrir komust við illan leik niður í Bringur.

Margir Dalbúar muna eftir síðasta ábúandanum í Bringum en hann hét Hallur Guðmundur Jónsson (f. 16.9. 1891, d. 12. maí 1968).

Hallur var bóndi á Minna-Mosfelli á árunum 1921-1926 en flutti þá búferlum

að Bringum. Þar bjó hann fram á 7. áratuginn, löngum með stórt fjárbú. Undir það síðasta var hann einn síns liðs á þaenum og fannst þar nær clauða en lífi, var fluttur til byggða og andaðist á Vífilsstöðum vorið 1968. Eiginkona Halls var Hallfríður **Hansína** Guðmundsdóttir (f. 10.4. 1917, d. 18.9.1993), þau slitu samvistum en eignuðust þrjár dætur saman.

Kjartan Helgason (f. 1922) var snúningapiltur hjá Halli í tvö sumur, kom þangað átta ára gamall. Hann segir svo frá:

Já, ég kom að Bringum sumarið 1930, mig minnir að ég hafi farið uppefist með mjólkurbílnum. Þá var burstabær í Bringum með baðstofu en engin upphitun var í þaenum. Hallur var ókvæntur á þessum árum en hafði allmargt vinnufólk og ráðskonu sem var Guðrún Snorradóttir frá Erpsstöðum í Döllum. Méi þótti vistin góð í Bringum en ég man að mér þótti það slæmt að sjá ekki til Reykjavíkur. Ég hafði ekkert nema gott af Halli að


segja, hann var barngóður. Um haustið fékk ég 100 krónur í sumarkaup og kartöflur í kaupbæti!

Kjartan segir að Hallur hafi haft allstórt bú, bæði kindur, kýr og hesta, Heyjað var á heimatúnum og einnig ofar á heiðinni og þá gisti tjöldum á meðan. „Ég hafði m.a. þann starfa að fara með mjólkina áhestvagni eftir gamla Bringnaveginum niður að Hraðastöðum, segir Kjartan. Þar var sameiginlegur brúsapallur fyrir nokkra bæi, m.a. Bringur, Hraðastaði og Laxnes. Ég var auðvitað einnig kúasmali


og man ég eftir því að kýrnar týndust eitt sinn og ég var sendur til að svipast um eftir þeim. Ég leitaði þeirra lengi dags og kom m.a. að Leirvogsvatni. Þar bjó þá Valgerður Gisladóttir, fyrrum prestsfrú á Mosfelli, hún var þá með veitingarekstur við vatnið og nefndi staðinn Svanastaði. Ég fékk mjólk og kleinur hjá frú Valgerði en kýrnar fann ég ekki fyrir en síðar, þær voru þá komnar niður undir Skeggjastaði.“

70 ár eru liðin síðan Kjartan Helgason var léttadrengur hjá Halli Jónsyni í Bringum, bærinn er horfinn þótt enn sjáist móta fyrir bæjarrústum. Við túnfótinn niðar Kaldakvísl og sönglar:

*Ég man eftir Halli
meinlausum kalli
í Bringunum sló hann sinn blett.*



Kjartan Helgason, en hann var snúningapiltur hjá Halli í Bringum fyrir 70 árum.



Horft yfir Dalinn

Þessi skemmtilegu ljósmynd tók Þorsteinn Jósepsson á 6. áratugnum. Gróðurhúsabýlin á Laugabóli, Reykjahlíð, Reykjadal og Dalsgarði eru áberandi fremst á myndinni en norðan við þjóðveginn sést til Mosfells og Minna-Mosfells. Tvö íbúðarhús eru á Mosfelli, nū bæði horfin. Í húsinu til vinstri bjuggu séra Hálfdan Helgason og síðan séra Bjarni Sigurðsson ásamt fjölskyldum sínum en Kristinn Guðmundsson og Hall-dóra Jóhannesdóttir bjuggu lengi í litla húsinu til hægri. Prestshúsið var rifið um 1960 en þá hafði nýtt hús verið reist uppi á hólnum.

Ferðaþjónustan
Frá hvirfli til ilja

Sími: 566 7098 / 899 5198

Fax: 566 7091

Bjarki Bjarnason



Sigurður Skarphéðinsson
Grænumýri 5 – Sími 566 7217





VERIÐ VELKOMIN

OPID VIRKA DAGA KL. 10.00-18.00 – LAUGARDAGA KL. 10.00-14.00

SÍMI: 566 6303 FAX: 566 8330









Dalsrétt

Þessar ljósmyndir voru tekinar í Dalsrétt í Helgadal í septembermánuði síðastliðnum. Vegna breyttar skipunar girðingarmála á afrétti Mosfellinga verður væntanlega ekki oftar smalað og réttað í Dalsrétt með þessu sniði. Ljósm.: Bjarki Bjarnason.

DALALÉÐAN





Horft heim að Laxnesi, bröggunum lengst til hægri hefur verið jafnað við jörðu en úтиhúsin fyrir miðri voru upphaflega byggð sem fjós. Hluti af íbúðarhúsinu lengst til vinstri var bernskuheimili Halldórs Laxness.

Húsið var byggt seint á 19. öld og er eitt elsta húsið í svetiarféluginu.


Myndina tók Þorsteinn Jósepsson, líklega á 7. áratugnum.

Með slaufu í halanum

Hesthúsín í Laxnesi voru í eina tíð full af kviðmíklum kúm en þar var starfækt stórt kúabú sem stundum var nefnt Búkollubúið. Jónas Sveinsson læknir (faðir Þórarins í Laxnesi) var einn aðalhvatamaðurinn að stofnun kúabúsins sem þótti sérlega nútímalegt á sínum tíma eins og þessi skopmynd Halldórs Péturssonar ber með sér. Teikningin birtist í tímaritinu Speglum árið 1947.

Mosraf

SPEGILLINN



Brúarlandsfólkið

Brúarlandsfólkið er nafn á bók sem var gefin var út á síðasta ári í tilefni af aldarminningu skólastjórahjónanna á Brúarlandi, Lárusar Halldórssonar og Kristínar Magnúsdóttur. Sonur þeirra, Ragnar Lár, sá um útgáfuna.

Lárus Halldórsson (1899-1974) var Hún-vetningur að uppruna en Kristín (1899-1970) frá Mosfelli, dóttir séra Magnúsar Þorsteinsonar og Valgerðar Gísladóttur. Þau Lárus og Kristín bjuggu um hríð á Æsustöðum og síðan á Mosfelli en fluttu árið 1929 í Brúarlandshúsið, héldu þar stórt heimili um langt

skeið og fluttu loks að Tröllagili. Meðal bræðra Kristínar voru Árni og Ólafur sem byggðu sér hús úr Hrísbúarlandi og nefndu Viðihól. Þau systkini eru nú öll látin, Guðrún Magnúsdóttir, sem lengi var símstöðvarstjóri á Brúarlandi, lést á nýliðnu ári.

Bókin Brúarlandsfólkið hefur m.a. að geyma niðjatal Lárusar og Kristínar, minningarbrot frá Brúarlandi sem nokkur barna þeirra hafa ritað en ekki síst er bókin prýdd miklum fjölda ljósmynda sem margar hafa mikið heimildagildi.

Þessi mynd er tekin á 5. áratugnum og er ein af fjölmögum skemmtilegum ljósmyndum í bókinni Brúarlandsfólkið. Hér gefur að líta yngri deild nemenda í Brúarlandsskóla.

Fremst á myndinni eru Þórir frá Reynisvatni og Ragnarheiður Tybjerg.

Fyrir aftan þau eru Ólafur Ingimundarson á Hrísbú og Hreinn Ólafsson á Laugabóli.



Fyrir aftan Óla á Hrísbú sést í Bjarna Bjarnason á Hraðastöðum og við hlið hans er Ragnar Lár með bros á vör. Þá kemur Þórir Ólafsson á Varmalandi.

Boeskov og María Hálfdanardóttir á Mosfelli. Fyrir aftan hana er Jóhannes Boeskov en ljóshærður piltur á útpriðnaðri peysu er Þórir Ólafsson á Varmalandi.

Þá koma Ásgerður í Dælustöðinni, Arnfríður (Bibi) á Varmalandi, Inga Ásta frá Ökrum, Njáll Þorsteins í Barnakoti, Guðbjörg frá Skeggjastöðum, Aðalheiður Finn-bogadóttir á Sólvolllum og lengst til hægri eru systurnar frá Ullarnesi Jóhanna og Hulda Jakobsdætur. Aftast standa Klara Klængsdóttir kennari, Bandaríkjamaður, sem hér var á ferð að kynna sér skólamál, séra Sigurður Einarsson í Holti undir

Eyjafjöllum og Lárus Halldórsson skólastjóri.

Athygli vekur að tæplega helmingur nemenda er úr Mosfellsdal en á þessum árum var þéttbýlismyndun ekki hafin í Mosfellssveit.

Guðmundur Óskar Skarphéðinsson bóni á Minna-Mosfelli

F. 12. ágúst 1923, d. 23. ágúst 2000

Það er bjart yfir minningu Guðmundar Óskars Skarphéðinssonar bónda á Minna-Mosfelli, sem kvaddi þegar liðnu sumri tók að halla. Atvik höguðu því svo að fjölskylda mín átti hann að vini síðust æviár hans, en við fluttumst að Minna-Mosfelli þegar hann varð frá að hverfa vegna heilsubrests 1997. Guðmundi kynntumst við sem heilsteyptum og vel gerðum manni sem okkur fannst gott að hitta.

Mér er minnisstætt þegar ég hitti Guðmund fyrst sumarið 1987, er ég vegna starfa míんな kom til hans og Katrínar móðir hans að Minna-Mosfelli. Hún var þá háöldruð og stóð fyrir búi með syni sínum, og hafði verið húsfreyja á Minna-Mosfelli í rétta hálfu öld. Allt bar vott um nosturslega umgengni innan húss sem utan, og var það alla tíð aðall fjölskyldunnar. Hver hlutur átti sinn stað, og hver hlutur var á sínum stað. Þar var í raun alltaf búið samkvæmt þeim hugmyndum sem nú er kenndar við sjálfbæra þróun, og áhersla lögð á að ná hvarvetna besta árangri, en beita þó til þess hófstílltum og yfirveguðum aðferðum. Mikil virðing var borin fyrir sköpunarverkinu og umgengni við dýr og önnur náttúrugæði einkenndist af umhyggju. Þess var vand-



lega gætt að sóa ekki verðmætum, enda hafði allt sem undir höndum var kostað blóð svita og tár. Meðalhófsreglan var þar í raun meginregla; „Það sé allt eftir þörfum manns, þá fer að vilja skaparans“ (Jón Þorláksson á Bægisá). Engin regla er þó án undantekninga, og þegar því var að skipta var mikil rausn til staðar á Minna-Mosfelli eins og ljósastjakarnir á altari Mosfellskirkju eru til vitnis

um ásamt fleiru. Stundum yfirsteig líka metnaðarfullt nostur í umgengni allt meðalhóf, og oftar en einu sinni hlaut fjölskyldan sérstakar viðurkennningar, bæði fyrir snyrtilega umgengni og úrvals búasafurðir.

Ég hafði haft nokkrar spurnir af fjölskyldunni á Minna-Mosfelli allt frá bernsku. Tengslin urðu með þeim hætti að þegar þau Skarphéðinn og Katrín hófu búrekstur sinn laust fyrir 1930, var það á Keldum, þar sem þau tóku jörðina á leigu af Ólafi Jónssyni og Guðrúnú Eyjólfssdóttur, föðursystur mínni, sem þar bjuggu þá. Þegar Skarphéðinn og Katrín síðar fluttu bú sitt út í Viðey, fylgdi þeim sem vinnukona önnur föðursystir mínn, Þóra, og dvaldi síðan einnig hjá þeim nokkur sumur á Minna-Mosfelli eftir að þau komu þangað vorið 1937.

Guðmundur bjó með foreldrum sín-um meðan þau lifðu, elstur þriggja sona, og tók síðan við búinu þegar fram liðu stundir. Hann sagði mér frá því að sem ungur maður hefði hann allt eins getað hugsað sér annan starfs-vettvang, enda var hann fjölhæfur maður og hagur. Skarphéðinn faðir hans var kappsamur og rak stórt kúabú á þeirra tíma mælikvarða, og því var full þörf fyrir allan tiltækan vinnukraft meðan öll verk voru unnin með höndum og hestum. Það lá því beinast við að búskapur yrði ævistarf Guðmundar, og þegar svo var ráðið, hafði hann hug á því að komast í bændaskóla. Atvik komu í veg fyrir það, og urðu það honum vonbrigði. Guðmundur var víðlesinn og í raun fjöl-menntaður og fróður á mörgum svíðum. Það var haft á orði í Dalnum að hann væri „þóndi af Guðs náð“.

Guðmundur var fremur dulur um eigin hagi. Hann gerði fyrst og fremst kröfur til sjálfssín, og þótt hann hefði gjarnan meiningar um menn og mál-efni þá fór hann jafnan vel með og flíkaði lítið. Það var fremur háttur hans að umbera galla heimsins en úthrópa þá. Hann var ókvíkull trúmaður; trúr og samkvæmur sjálfum sér. Í hugann kemur sú hlaðna spurning sem Halldór Laxness leggur Guðrún Jónsdóttur vinnukonu á Mosfelli í munn í Innansveitarkroniku: „Getur nokkur nokkurntíma verið nokkrum trúr nema sjálfum sér?“

Þótt það lægi ekki fyrir Guðmundi Skarphéðinssyni að kvænast eða eignast afkomendur, átti hann fjölskyldu sem var honum afar nái og kær. Bræður hans Skúli og Sigurður stofn-uðu heimili í næsta nágrenni og urðu

barnmargir og Minna-Mosfell samein-aði stórfjölskylduna. Allt þetta fólk sýndi Guðmundi mikla virðingu og ræktarsemi og vildi allt fyrir hann gera og er mér vel kunnugt um hve mikils hann mat það.

Þegar ég að leiðarlokum lít yfir ævi-feril Guðmundar á Minna-Mosfelli og okkar kynni, þá er mér efst í huga hve mætur hann var. Eftir á að hyggja hlýt-ur þó hann að hafa haft galla eins og aðrir dauðlegir menn, en með öguðum lífsmáta hefur honum þá tekist að milda þá svo að við tókum ekki eftir neinu. Í huganum tengi ég lífshlaup Guðmundar Skarphéðinssonar ósjálfrátt við Heilræðavísur Hallgríms Péturssonar og finnst að í sumum erindunum gæti hann hafa verið skáldinu til fyrir-myndar:

*Lítillátur, ljúfur og ká tur,
leik þér ei úr máta.
Varast spjátur, hæðni, blátur.
Heimskir menn sig státa.*

*Foreldrum þínum þéna af dyggð,
Það má gæfu veita.
Varast þeim að veita styggð,
viljir þú gott barn heita.*

*Hugsa um það helst og fremst
sem heiðurinn má næra.
Aldrei sá til æru kemst
sem ekkert gott vill læra.*

*Vist ávallt þeim vana halt:
vinna, lesa, iðja.
Umfram allt þó cetið skalt
elska Guð og biðja.*

Valur Þorvaldsson

Jarðabótamaður á Skeggjastöðum

Í blaðinu Ingólfí sem kom út árið 1854 segir svo í meðfylgjandi klausu: „Bjarni Magnússon, sjálfseignarbóndi á Skeggjastöðum í Mosfellssveit innan Kjósarsýslu, hefir að vitnisherði félags fulltrúa í allt sléttáð 2700 ferfaðma og hlaðið 266 faðma tvíhlaðins grjótgarðs, en 84 faðma torfgarðs; grjótgarðurinn er „vandaður og vel hlaðinn“. Hús öll „með snilld“ uppbyggð, stór kartöflugarður og hestarétt m. fl. Sjálfur er Bjarni „hlaðinn ómegð og heilsulinur“. Honum eru veittir 15 ríkisbankadalir í verðlaun fyrir þúfnasléttun og garðhleðslu veitt af Suðuramtsins húss- og bústjórnarfélag 1854“. Alls voru 8 bændur verðlaunaðir af sama tilefni, vítt og breytt um landið. (Tímaritið Ingólfur 8.4. 1854, bls. 97.)

Um miðja 19. öld er kýrverðið nálægt 25 ríkisbankadölum. Árið 1856 hefur sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslum 235 ríkisbankadali í árslaun, þannig að 15 dalir í höndunum á fátækum bónða hafa verið þó nokkurt fé.

Hver skyldi þessi merki maður hafa verið? Ekki er auðvelt að finna margar heimildir en hér verður stiklað á stóru eftir því sem fram kemur í manntölu.

Bjarni var fæddur 1806 í Búrfellssókn í Grímsnesi, Árnessýslu. Í manntali 1835 er

Bjarni Magnússon 28 ára gamall, ógiftur vinnumaður og ráðsmaður Kristínar Pétursdóttur húsfreyju sem býr á Skeggjastöðum ásamt 5 börnum sínum. Pau eru á aldrinum 3-16 ára og fædd í Mosfells-sókn. Börnin heita: Snjálaug 16 ára, Jón 13, Ólafur 10, Pétur 6 og Einar 3 ára. Kristín er fædd 1787 í Reynivallasókn, 19 árum eldri en Bjarni. Faðir hennar var Pétur Pétursson (1758-1836) bóndi á Hurðarbaki í Kjós. Hún er ekkja eftir fyrri mann sinn, Þorvarð Einarsson sem var einnig bóndi á Skeggjastöðum.

Athyglisvert er að skoða manntalið 10 árum síðar, 1845. Nú er Bjarni orðinn bóndi og kvæntur Kristínu. Þá býr á Skeggjastöðum Guðrún Valgarðsdóttir 72 ára ekkja, móðir Bjarna bónda.

Nú hefur börnunum fækkað, eru þau núna aðeins þrjú: Jón sem er 24 ára ógiftur í vinnumenndsku hjá fóstra sínum, Einar 14 ára og Birget sem er ári eldri. Ekki er vitað hvað orðið hefur af Snjálaugu, Ólafi né Pétri og hvar Birget hefur verið er óljóst.

Í manntali 1855 er Bjarni 49 ára, bóndi og húsráðandi. Kona hans er sem jafnan 19 árum eldri, nú 68 ára. Þá eru búsett á Skeggjastöðum auk þeirra hjóna börn Kristínar af fyrra hjónabandi, Birget 25 ára og Einar 24 ára, bæði ógift. Hin börnin eru farin að heiman eða dáin. Auk þeirra er 16 ára vikapiltur, Guðmundur Jónsson að nafni búsettur á Skeggjastöðum.

Eigi sést í dag mikil af handarverkum búholðsins góða á Skeggjastöðum sem þar bjó fyrir hálfri annarri öld.

Guðjón Jensson



Skeggjastaðaforleikurinn

Á nýliðnu ári fagnaði Þjóðleikhúsið 50 ára afmæli sínu en við vígslu hússins lék Sinfóníuhljómsveit Íslands háttíðarforleik eftir Pál Ísólfsson. Gárungar landsins nefndu tónverk þetta Skeggjastaðaforleikinn af ástæðum sem hér verður greint frá.

Seinni eiginkona Páls Ísólfssonar var Sigrún Eiríksdóttir (f. 2. júní 1911, d. 7. ágúst 1990.) Hún var dóttir Eiríks Ormsson rafvirkjameistara sem átti á sínum tíma Skeggjastaði í Mosfellssveit og létt þar reisa glæsilegt íbúðarhús sem enn stendur. Páll dvaldi oft að Skeggjastöðum ásamt fjölskyldu sinni og vann þar m.a. að háttíðarforleiknum. Þuríður söngkona dóttir Páls á ljúfar minningar frá sumardvöl á Skeggjastöðum sem unglungur og minnist útreiðtúranna á björtum sumarkvöldum í Mosfellssveit.

Páll Ísólfsson hafði mikil afskipti af tónlistarmálum um langa hríð og starfaði m.a. með forkólfum Tónlistarfélagsins þar sem Ragnar Jónsson, kenndur við smjörlíkisgerðina Smára, var formaður. Sigurður Skagfield óperusöngvari sendi tónlistarfélagsmönnum tóninn í dagblaðsgrein árið 1953 og segir:

„Nálægt höfuðstað Íslands er jörðin Skeggjastaðir, þar er sumarbústaður helztu leiðtoga smjörlíkisklíkunnar og þar hafa hingað til verið teknar allar hinar stærstu ákvarðanir í öllum tónlistarmálum og Stefmálum. Þar var saminn hinn frægi forleikur, sem miður velviljaðir menn hafa kallað *Skeggjastaða-forleikinn*, og sem leikinn var, þegar Musterið, eða Þjóðleikhúsið var vígt.“

ÁLAFOSS FÖT BEZT

Kaffi- og veitingahús

Álaufossvegi 24
Mosfellsbæ - Sími: 566 8585

SS GÍSLASON
VIDGERÐIR H.F.
SMIDSHÖFDI II
SÍMI: 587 2060

Verið velkomin



Starfsfólk Íslandsbanka Mosfellsbæ
þverholti 6 • 270 Mosfellsbæ • Sími 5-666080

Gróðrarstöðin
Dalsgarður

ANNÁLL ÁRSINS 2000

ANNASAMT ÁR

Arið 2000 var nokkuð annasamt hjá stjórn Víghóls vegna útgáfu og sölu á myndbandinu „Minjar í Mosfellsdal“. Frumgerð myndbandsins var tilbúin um áramót, og tók nokkrar vikur að ganga frá fjölföldun, kápugerð og samningum við STEF vegna tónlistarflutnings og var það loks tilbúið til sölu snemma vors.

Viðtökur voru góðar bæði í dalnum og utan hans. Myndbandið verður áfram til sölu hjá stjórn Víghóls.

MANNFAGNAÐIR

Porrablót var haldið 12. febrúar í Fólkvangi og var mjög vel mætt eins og undanfarin ár. Var umtalað að þetta hefði verið besta þorrablot ársins enda ekki nokkur annar félagskapur sem hefur heilli lúðrasveit á að skipa til að hefja fjörið, en það hélst svo óslitið fram eftir nótta.

Hverfisfundur var í mars þar sem Dalbúum var boðið að heimsækja bæjarstjórn. Nokkuð vel var mætt úr dalnum og mörgum athugasemdum komið á framfæri við bæjaryfirvöld.

Meðal þess sem Dalbúar fóru fram á að yrði lagfært var m.a. að biðskýlin í dalnum væru snjóhreinsuð svo og „vetrarhílastæðin“ svokölluðu sem alltaf fyllast af snjó um leið og eitt-hvað skefur, hestaleiðir lagfærðar og gert göngufært undir brúna í Viðiðanum, götulysing verði sett frá Áslandi í Mosfellsdal og að bætt verði GSM-samband í Dalnum, en það hefur verið mjög gloppótt. Þá var og óskað eftir vegabótum að Minna-Mosfelli, Brekkukoti og fleiri bæjum.

GRÓÐURDAGUR FÉLL NIÐUR

Gróðurdagur féll niður vegna veðurs en rigning og hávaðarok var daginn sem átti að nota til gróðurstarfa í trjágarðinum okkar vestan við Furuvellina. Á miðju sumri sendi skrúðgarðastjóri bæjarins fólk til að slá grasið sem sprettur vel þarna. Á næsta sumri þarf að lagfæra göngustíga og athuga með grisjun trjáa. Ákvæðið var á síðasta aðalfundi að gróðurdagur yrði síðasti laugardagur í júní ár hvert og eru Dalbúar hvattir til að mæta og taka til hendi.

MYNDBANDSGJÖF

A haustdögum færði stjórn Víghóls bæjarféluginu 6 eintök af myndbandinu Minjar í Mosfellsdal í þakklætis-skyni við fjárstuðninginn sem við hlutum frá Lista- og menningarsjóði Mosfellsbæjar, og verða þau eintök á bókasafninu og í skólunum.

AÐALFUNDUR

Aðalfundur Víghóls var haldinn 4. des í golfskálunum Bakkakoti. Stjórnarskipti urðu, Ásgerður Gísladóttir og Sigurður Skarphéðinsson gengu úr stjórn en í þeirra stað komu Gísli Snorrason í Brekkukoti og Valur Þorvaldsson á Minna-Mosfelli. Auður Eiríksdóttir var endurkjörin í stjórn.

GAMLÁRSKVÖLD

Á gamlárskvöld komu Dalbúar saman að venju og sungu við hressilegan undirleik „Braks og bresta“ hinnar viðfrægu lúðrasveitar dalbúa meðan áramótabrennur loguðu víða um bæ og sveit.

Auður Eiríksdóttir.